

Nr. 671

22. júní 2020

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag, Miklaholtshellir 2, L223302.*

Deiliskipulagið felur í sér skilgreiningu á heimildum innan þriggja byggingarreita að Miklaholtshelli 2. Í skipulaginu felst m.a. heimild fyrir uppbyggingu alifuglahúsa vegna lífrænnar eggjaframleiðslu. Heimild verður fyrir uppbyggingu tveggja 1.500 m<sup>2</sup> húsa á byggingarreit B1. Innan byggingarreits B2 er gert ráð fyrir allt að 2.000 m<sup>2</sup> alifuglahúsi þar sem fyrir er 1.330 m<sup>2</sup>. Innan byggingarreits B3 er gert ráð fyrir tveimur allt að 1.500 m<sup>2</sup> alifuglahúsum. Heimilaður heildarfjöldi alifugla á svæðinu sem falla undir lífræna eggjaframleiðslu getur því verið allt að 49.000 fuglar. Innan svæðisins eru tvær samþykktar tillögur að deiliskipulagi í gildi nr. 13832 og 12047 sem falla úr gildi með gildistöku nýs skipulags.

Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 20. apríl 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 22. júní 2020.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 6. júlí 2020